

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR

403. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) á skrifstofu byggðasamlagsins föstudaginn 18.01.2019, kl.07:30.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Líf Magneudóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson, Bjarki Bjarnason og Jóna Sæmundsdóttir. Bjarni Torfi Álfþórsson, Magnús Örn Guðmundsson og Kolbrún Þorsteinsdóttir boðuðu forföll. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

### 1. Viðræður Kölku og SORPU um hugsanlega sameiningu

Viðræðunefndir Kölku og SORPU ásamt ráðgjöfum Capacent og stjórnnum fyrirtækjanna hafa unnið að sameiningarviðræðum frá miðju ári 2016. Eftir þessar ítarlegu viðræður og yfirferð er stjórn SORPU bs. sammála um að sameining fyrirtækjanna geti verið mjög góður kostur fyrir sveitarfélögin með framtíðarhagsmuni og umhverfissjónarmið að leiðarljósi.

Nú er málið komið á það stig að góðar upplýsingar og hugmyndir liggja fyrir um á hvaða grundvelli hægt er að kynna mögulega sameiningu fyrir bæjarstjórnnum sveitarfélaganna. Á þeim forsendum samþykkir stjórn SORPU bs. fyrir sitt leyti að vísa ákvörðunum um framhald málsins til bæjarstjórna sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirkomulag um kynningu á málinu verði framkvæmd í samráði við stjórnarmenn SORPU.

### 2. Starf endurskoðunarnefndar SORPU bs.

Málinu frestað.

### 3. Niðurstaða verðkönnunar á innra eftirliti

Framkvæmdastjóri kynnir niðurstöður verðkönnunar á innra eftirliti fyrir SORPU sem efnt var til í desember. Stjórn felur stjórnarformanni að ganga frá samningi við pwc um innra eftirlit í samræmi við niðurstöður verðkönnunar.

Öll verð með vsk:

Innra eftirlit ár	ENOR	EY	KPMG	pwc
2019	3.906.000,-	2.328.000,-	3.180.000,-	1.998.000,-
2020	3.906.000,-	2.328.000,-	3.180.000,-	1.998.000,-
2021	3.906.000,-	2.328.000,-	3.180.000,-	1.998.000,-
<b>SAMTALS</b>	<b>11.718.000,-</b>	<b>6.984.000,-</b>	<b>9.540.000,-</b>	<b>5.994.000</b>
% af hæsta	100%	59,6%	81,4%	51,2%

*Handwritten signature*

*Handwritten signature*

*Handwritten signature*

*Handwritten signature*

**4. Umboð vegna undirskrifa lánasamings við Íslandsbanka**

Íslandsbanki hefur óskað eftir nýju umboði með breytingu á orðalagi. Engar breytingar eru á kjörum lána. Stjórn undirritar umboð.

**5. Bygging gas- og jarðgerðarstöðvar**

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir stöðuna í byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi.

**6. Viðhorfskönnun meðal íbúa í Leirvogstungu**

Yfirverkfræðingur kynnir niðurstöður viðhorfskönnunar vegna lyktarmála í Leirvogstungu.

**7. Niðurstöður húsasorpsrannsóknar**

Yfirverkfræðingur kynnir niðurstöður rannsóknar SORPU bs. á innihaldi orkutunnu íbúa á höfuðborgarsvæðinu.

**8. Bruni í Álfsnesi**

Farið yfir hugsanlegar ástæður og viðbrögð við eldi í Álfsnesi.

**Næsti fundur**

Næsti fundur ákveðinn 11. febrúar 2019 kl. 07:30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 09:30.

Fundarritari Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Bjarki Bjarnason  
Guðrún Eva Jóhannesdóttir  
Jóna Þorvaldóttir  
Bjarki Bjarnason.

Bjarni Hóttur  
Guðrún Eva Jóhannesdóttir  
Guðrún Eva Jóhannesdóttir